

hélldi og svo ekki meira. Sú fræðigreini staðnæmdist því þar, og hún dróg miklu fleiri til sín en hin, þar sem hægt var að halda áfram rannsóknun. í það endalausa.

En svo var hin gríska heimspeki og menning búin að hefja dómgreind manna hátt og endurskapa velsæmistilfinningu þeirra að þeir fundu, að margt í þessum fornu helgiritum var alveg ómögulegur sannleikur, ef fara átti eftir orðunum, svo það var fundið upp á því að lesa tvöfalda merkingu út úr öllum þeim köflum, sem óþolandi þótti í sinni bókstaflegu mynd. Við það öðlaðist greinin tvöfalt gildi, bæði „andlega“ og „bókstaflega“ þýðingu. Með þessu móti var hægt að taka hvað sem var og setja við hlið þess fegursta og bezta. Ef ekki var hægt að fylgja „bókstafnum“, þá var aðeins að fylgja „andanum“. Þá aðferð notaði kyrkjan strax, og hún setti skóla, við útskýringu sinna helgiritu, og hefir það haldist til þessa dags, unz nú fyrst, síðan hin svo nefnda „Hærri kritik“ kom til sögunnar, að slíkt hefir smá fallið úr gildi, nema á stöku stöðum, þar sem þekkingin er enn, sem komið er, naumast skinn-djúp. Þar er enn talað um „andann“ og „bókstafinn“, „guðlega speki í mannlegum umbúðum“ o. sv. frv.*

Stefna þessi á útskýringum rita nefnist hin „allegoríska“ stefna, og þýðir, að lesa annað út úr orðunum, en þau tákna. Aðal forkólfar þessarar stefnu voru þeir Philo, hinn frægi gyðinglegi heimspekingur, er var samtíðarmaður Jesú, og kyrkjufaðirinn og öðlingurinn Origen, er lifði á öndverðri annari öld.

Philo var og höfundur þeirrar heimspekis stefnu, er gegnumskýrir allt Jóhannesar guðspjall, og síðar var nefnd Alexandríu

*) Aðal baráttan, sem þeir fræðimenn eiga í nú á dögum, er hallast að biblíurannsóknar stefnunni nýju, er við þessa gömlu hugmynd Alexandríu skólans, sem afturhalds guðfræðin hefir haldið í dauðahaldi fram til þessa dags. Það er mjög einkennilegt, eins og kristin kyrkja þykist þó hafa mikinn viðbjóð á öllu því er eigi rót sína að rekja til heiðni, hversu henni er umhugað að vernda þennan kenningarmáta, og eins og hún er óspör á því að nefna hitt og annað heiðni, sem henni þykir miður fara, en sem er þó til orðið innan hinnar kristnu siðmenningar.